

Fiskeldi Austfjarða hf.  
Strandgötu 18  
735 Eskifirði

Reykjavík, 25.3.2025  
UST202401-312/F.T.  
08.12.02

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíka í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 12.8.2024, þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð í eftirliti hjá Fiskeldi Austfjarða, Fiskalóni - Ölfusi, þann 5.6.2024. Þann 5.2.2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Við eftirlit var eitt eldra frávík enn opið:

- Gr. 3.4 í starfsleyfi. Aukning á svifögnum í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fór fram 16. september 2022. Þar sem mikið af fóðri var við frárennsli í eftirlitinu 2024 var ekki tilefni til að loka frávíkunum.  
**Svifagnir voru í lagi í öðrum sýnatökum. Við eftirlit þá hafði sían bilað og fullt af fóðri var í læknum. Búið er að laga síuna og fóðrið var fjarlægð. Frávíkinu telst lokið.**

### Frávíkin eru eftirfarandi:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn losun á nitri í ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.  
**Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að unnið sé að því að uppfæra verklagsreglu sem tengist ársyfirliti, þar sem tekið er fram að mælingar varðandi losun niturs komi fram. Ársyfirlit sem verður skilað fyrir 1. maí 2025 muni innihalda losun niturs.**
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 30.5.2023 og 3.10.2023.  
**Samkvæmt rekstraraðila er leitað lausna til að draga úr þeim mismun á sýrustigi sem verður frá inntaki til eins metra fjarlægð frá útrás.**
3. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Gildi ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fóru fram 30.5.2023 og 3.10.2023.  
**Samkvæmt rekstraraðila er leitað lausna til að draga úr þeim mismun á ammoníaki sem verður frá inntaki til eins metra fjarlægð frá útrás.**
4. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Mikið af fóðri var í viðtaka.

**Í úrbótaáætlun segir að þegar eftirlit fór fram 25.06.2024 hafi verið óvenju mikið af fóðri í viðtaka sem kom vegna þess að tromlusía þurfti viðgerð. Farið var strax í að hreinsa upp fóðurleifar og lagfæra viðtaka.**

**Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfis- og orkustofnunar.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Auður Eyberg Helgadóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur